




Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Nes

2020 – 2021



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans:.....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra mat	4
2.1 Álfaberg (Hamrar). Börn fædd 2018 og 2019	4
2.2 Bakki. Lundeyjarhópur (2017 og 2018) Viðeyjarhópur (2015 og 2016)	6
2.3 Dvergasteinn (Hamrar). Börn fædd 2017 og 2018	9
2.4 Hulduhóll (Hamrar). Börn fædd 2016 og 2017	12
2.5 Tröllabjarg (Hamrar). Börn fædd 2015 og 2016	14
3 Ytra mat	17
4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	18
5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	18
6 Foreldrasamvinna	18
7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	20
8 Fylgigögn.....	21
8.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	21
8.2 Fylgiskjal 2 Lokaskýrsla á samstarfi við Kelduskóla Vík	26
8.3 Fylgiskjal 3 Leikskóladagatal	28



Leiðarljós leikskólans:

1 Greinargerð leikskólastjóra

Veturinn 2019-2020 hefur heldur betur verið sérstakur. Það hefur gengið á ýmsu, sem dæmi óveður, verfall og svo þessi alræmði vírus, Covid-19. En það sem stendur upp úr eftir þetta ár er samvinna og að sjá hversu úrræðagóðir leikskólakennarar eru í raun og veru. Starfið gekk vel fyrir sig þó svo að hlutirnir áttu það til að breytast snögglega. Það sást vel í starfinu að allir voru að vinna að því sama með það eitt að leiðarljósi að gera dag barnanna öruggan og skemmtilegan á þessum skrítna tíma.

Endurmenntun starfsfólks gekk vel í vetur og það sem stóð upp úr var námskeið hjá Hugarfrelsi sem allt starfsfólk tók þátt í. Hrafnhildur Sigurðardóttir frá Hugarfrelsi kom á skipulagsdegi með fyrirlestur og æfingar sem fjalla um áhrifaríkar aðferðir til að bæta líkamlega og andlega líðan í leik og starfi. Þar sem við lifum í mjög hröðu samfélagi þá finnst okkur mjög mikilvægt að vinna með þessa hluti strax í leikskóla. Þar með höfum við ákveðið að innleiða jóga í starfið hjá okkur næsta vetur, sem á beina tengingu í heilbrigði og vellíðan innan menntastefnunnar.

Planið var að fara til Reading í Englandi í mars og fara á námskeið í svokölluðu „mindfulness“ og jóga. En við urðum því miður að fresta því og er stefnan tekin að fara þangað í október 2020. Við munum einnig fá framhaldsnámskeið hjá Hugarfrelsi á næsta skólaári.

Næsti vetur verður heldur betur spennandi með fullt af nýjum áskorunum. Meðal annars verða deildarnar tvær á Bakka sameinaðar í eina deild sem skipt verður í tvo hópa, Lundeyjarhóp (yngri börn) og Viðeyjarhóp (eldri hóp). Álfaberg í Hömrum mun fá alveg nýjan barnahóp og verða þau börn mun yngri en áður var.

Ég horfi bjartsýn til næsta starfsárs með þessu frábæra starfsfólki og hlakka til að takast á við þær áskoranir sem næsti vetur hefur upp á að bjóða.



2 Innra mat

2.1 Álfaberg (Hamrar). Börn fædd 2018 og 2019

Veturinn 2020 – 2021 mun nýr og yngri aldurshópur byrja á Álfabergi og miðast umbótaáætlun við þeirra aldur.

Endurmat barnanna: Það gekk vel þegar líða tók á haustið að fá börnin til að endurmeta leikefni og starfið á deildinni. Rýnihópur með 4 börnum í með notkun mynda af leikefni og dagskipulagi reyndist vel og nefndu börnin ef það vantaði eitthvað leikefni eða stundir á myndunum.

- **Styrkleikar:** Auðveldara gekk að fá fram hugmyndir hjá börnunum að því leikefni sem átti að vera í boði þá vikuna.

Stundum gekk erfiðlega að fá það leikefni sem börnin vildu fá þá vikuna þar sem önnur deild var að nota leikefnið. Þá duttu of margir rýnihópar út vegna verkfalls og Covid.

- **Tækifæri til umbóta:** Gaman hefði verið að þróa þessa vinnu áfram með börnunum næsta vetur þar sem hægt hefði verið að gera endurmatið reglulegra.

Skráning á samveru: Starfsfólk útbjó skráningarblað um samverustundir og skráði hvað var gert, hvað gekk vel og hvað ekki nógu vel. Það gekk vel að meta þetta á deildarfundum þar sem starfsfólk miðlaði sín á milli samverustundunum.

- **Styrkleikar:** Samverustundirnar voru fjölbreyttari yfir vikuna. Ef starfsmaður varð veikur sem sá um samverustundirnar þá vikuna var auðvelt fyrir næsta starfsmann að taka við þeim þar sem skráningin lá fyrir.

Það komu því miður stundum dagar þar sem blaðið var ekki fyllt nægjanlega vel út.

- **Tækifæri til umbóta:** Breyta skráningarblaðinu svo að það sé skýrar og búa til hugmyndabanka fyrir samverustundir sem auðvelt er að nálgast

Hljóðvist, hópaskipting: Það gekk í heildina vel í vetur að skapa betri hljóðvist og nýta rýmin inni á deildinni betur með því að kynna börnin fyrir svæðunum, börnin voru orðin meðvitaðri um að nýta fleiri svæði á deildinni og leituðu því á fleiri staði.

- **Styrkleikar:** Með svæðaskiptingunni og nýtingu á fleiri rýmum í húsnaðinu skapaðist mun betri hljóðvist inni á deild.

Stóran hluta af vetrinum vantaði helming barnanna á deildina þegar verkfall og Covid voru og reyndi því ekki jafn mikið á þetta allan veturinn sökum fjölda barna.

- **Tækifæri til umbóta:** Nýta enn betur svæðið fyrir framan deildina, það gleymdist oft í vetur.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Aðlögun	Að börn og foreldrar upplifi öryggi og aðlagist að leik- skólanum	Starfsfólk hefur búið til skipulag fyrir þátttöku- aðlögun sem tekur eina viku	Deildarstjóri. Allt starfsfólk framkvæmir	ágúst	okt	Starfsfólk metur í lok aðlögunar á deildarfundum. Send verður könnun á foreldra um upplifun þeirra af aðlögun	Markmið að 80% foreldra upplifi öryggi og að þau séu velkomin á meðan aðlögun stendur. Að börnin upplifi sig örugg í umhverfinu og sýni því áhuga
Jóga 	Auka andlega vellíðan barnanna með aukinni þekkingu á samspili hugar og líkama	Með reglulegum jógastundum sem verða í dagskipulagi. Tvær nýjar jógastöður í viku	Allir starfsmenn á deildinni	Okt	Apríl	Skráningarblöð til að meta hvað gengur vel. Deildarfundir verða notaðir til að meta reglulega	Starfsfólk fylgist með virkni og þátttöku barnanna í stundunum

2.2 Bakki. Lundeyjarhópur (2017 og 2018) Viðeyjarhópur (2015 og 2016)

Veturinn 2020-2021 verður með örlítið breyttu sniði en síðasti vetur. Deildarnar tvær muni sameinast í eina deild með 26 börnum á aldrinum 2 ára til 6 ára. Við munum þó skipta þeim í tvo hópa, Lundeyjarhóp: börn fædd 2017 og 2018, og Viðeyjarhóp: börn fædd 2015 og 2016.

Markmið síðasta árs voru:

Nýta baklóðina betur: Í heildina gekk þetta ágætlega, en börnin á Viðey voru oftar þar en börnin á Lundey.



- **Styrkleikar:** Á baklóðinni eru engin leiktæki og þar fengu börnin að vinna með ímyndunaraflíð eitt og sér. Þar er einnig „skógur“ og „klettar“ sem nýttist vel til þess að æfa hreyfingu og jafnvægi.

Þrátt fyrir að hafa nýtt baklóðina þó nokkuð þá hefðum við getað verið duglegri að fara með börnin á Lundey í bakgarðinn.

- **Tækifæri til umbóta:** Fara með yngri hópinn reglulega á baklóðina allt árið.

Skipulagðar hreyfistundir: Börnin á Viðey fóru í íþróttasal Kelduskóla Korpu tvisvar sinnum í mánuði fram til febrúar 2020. Eftir það var ekki farið eins oft vegna verkfalls og Covid-19. Börnin á Lundey fóru einnig í skipulagðar hreyfistundir en það var ekki eins markvisst.



- **Styrkleikar:** Börnin fengu fjölbreytta hreyfingu fyrir utan venjulega útiveru.

Þrátt fyrir að börnin á Bakka hafi fengið skipulagðar hreyfistundir þá viljum við gera það meira markvisst.

- **Tækifæri til umbóta:** Ákveðið var að setja skipulagða hreyfistund einu sinni í viku fyrir öll börn á Bakka sem eitt af markmiðum fyrir næsta ár.

Innri ró og gott jafnvægi barna og starfsfólks: Vel gekk að skipta börnunum í litla hópa þar sem við höfum mikið pláss á Bakka. Það skapaði mun meiri ró og það var hægt að vinna með alls kyns verkefni með fámennum hópi barna.



- **Styrkleikar:** Börnin fengu að njóta sín og það gafst tækifæri til þess að vinna meira með þarfir hvers og eins. Þetta skapaði mikla ró í barnahópnum og óæskilega hegðun minnkaði til muna.

Í heildina gekk þetta mjög vel þar sem það er mikið auka rými á Bakka

- **Tækifæri til umbóta:** Halda áfram að skipta börnunum í litla hópa og nýta rýmið enn betur.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Jóga	Auka andlega vellíðan barnanna með aukinni þekkingu á samspili hugar og líkama	Við vinnum með eina jógastöðu í hverjum mánuð. Síðan ætlum við að byrja fyrstu samveruna á hverjum degi á einhverju jógatengdu, byrjum á öndun og förum svo út í hugleiðslusögur.	Deildarstjóri ber ábyrgð og allt starfsfólk framkvæmir.	Sept 2020	Maí 2021	Deildarfundir, og spurningar til barnanna í byrjun janúar og maí.	Andleg og líkamleg vellíðan barnanna. Þau ná að einbeita sér og slaka á.
Hreyfing	Öll börn á Bakka fá skipulagða hreyfistund einu sinni í viku.	Deildarstjóri gerir plan fyrir allan veturinn með mismunandi hreyfistundum, bæði úti og inni.	Deildarstjóri ber ábyrgð og allt starfsfólk framkvæmir.	Sept 2020	Maí 2021	Starfsfólk skráir hvernig gengur í hverjum tíma. Síðan er það tekið saman og rætt á deildarfundi.	Öll börn á Bakka hafi fengið að meðaltali eina skipulagða hreyfistund á viku.
Vinna með sögur	Vinna með þjóðsögur í máli og myndum.	Unnið verður með 2 þjóðsögur yfir árið. Eina fyrir áramót og aðra eftir áramót.	Deildarstjóri ber ábyrgð og allt starfsfólk framkvæmir.	Sept. 2020	Maí 2021	Rætt á deildarfundum og myndaskráning af framkvæmd með börnunum.	Börnin læri að þekkja þessar tvær sögur.



2.3 Dvergasteinn (Hamrar). Börn fædd 2017 og 2018

Á þessu skólaári (2019-2020) voru börnin fædd 2017 og 2018 og voru 18 börn á deildinni.

Þar sem barnahópurinn hafði yngst verulega á deildinni, fannst okkur mjög mikilvægt **að lækka málróminn/skapa meira ró/hafa meira næði á deildinni**. Okkur fannst við ná þessum markmiðum, en stöðugt þarf að vinna með og minna á.

- **Styrkleikar:** Með því að nýta þau svæði sem við eigum hverju sinni þá náðu börnin að una sér mun betur í leik og í starfi í fámennari hópum. Við vorum mun duglegri að sitja á gólfstólunum með börnunum og náðum betur til þeirra þar sem þau voru svo ung. Þá vorum við þeim nálæg í leik þannig að þau finndu fyrir nánd okkar og það gerði þau öruggari. Við lögðum áherslu á að nota inniröddina við hvort annað og hrópa ekki til barnanna. Fara til þeirra í þeirra hæð og ræða við þau. Skipta barnahópnum í fámennari hópa og vera duglegar að nota slökunartónlist.
- **Tækifæri til umbóta:** Sáum fljótlega að það hentaði þessum aldurshóp að leika frekar á gólfi heldur en við borð. Þ.a.l. vorum við ekki að nýta eins og skildi þann efnivið sem við áttum hverju sinni en nýttum svæðin. Við fengum fyrirlestur frá Hugarfrelsi á skipulagsdegi í nóvember og gátum við nýtt okkur m.a. ýmskonar slökunar- og öndunaræfingar með börnunum. Við settum það í skipulagið okkar varðandi samverustundirnar og hefur það gengið mjög vel. Við munum halda því áfram.

Við náðum þeim markmiðum sem við settum okkur varðandi listasmiðjuna/listsköpunar hvort sem það var til einhverskonar listsköpunar eða einungis til að nýta svæðið í leik og munum halda því sniði áfram næsta skólaár. Og telst þessum umbótaþætti lokið.

- **Styrkleikar:** Börnin nutu þess við að kanna og vinna með margvíslegan efnivið og hvert barn fékk góðan tíma til þess.
- **Tækifæri til umbóta:** Þurftum að gefa okkur mun meiri tíma til að vinna með sköpun með börnunum, þar kom inn í lengri svefntími/bleiuskiptingar barnanna.

Einnig var markmiðið hjá okkur að hafa aðlögunina auðveldari fyrir börnin og foreldrana og ákváðum við að hafa færri börn í einu og stóð því aðlögunin yfir í lengri tíma en áður.

- **Styrkleikar:** Náðum að sinna börnunum og foreldrum betur, ásamt þeim börnum sem fyrir voru. Börnin fundu til öryggis. En til þess að foreldrum liði betur við að skilja þau eftir sáum við að við þyrftum að lengja viðveru foreldra í aðlöguninni.

- **Tækifæri til umbóta:** Ætlum við að lengja viðveru foreldra í aðlöguninni næsta skólaár. Við ætlum að hafa 4 daga aðlögun og foreldrar kveðja á degi 4 í stað degi 2. Einnig ætlum við að biðja foreldra að meta aðlögunina að henni lokinni. Þessi bæði atriði verða sett í umbótaáætlun næsta skólaárs.

Við ákváðum að leggja meiri áherslu á deildarfundi á Dvergasteini. Þeir höfðu algjörlega settið á hakanum síðasta skólaár (2018-2019). Deildarfundirnir voru skipulagðir út skólaárið með deildarstjóranum á næstu deild og þeim haldið þrátt fyrir að starfsmann vantaði. Næsta skólaár verður eins fyrirkomulag og því er þessum umbótaþætti lokið.

- **Styrkleikar:** Mjög mikilvægt að hafa reglulega deildarfundi þar sem við getum m.a. samræmt okkur og okkar vinnuaðferðir, tekið sameiginlegar ákvarðanir um deildina og samræmt okkur varðandi „gef mér 10“. Nauðsynlegt að geta rætt um þau málefni sem upp koma á deildinni. Þetta fyrirkomulag gekk mjög vel og náðum við þessu markmiði. Höldum áfram með það.

Næsta skólaár 2020-2021 verða börn fædd 2017 og fædd 2018 á Dvergasteini. Einungis 3 ný börn koma á deildina.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Skráning	Að starfsfólk hafi betri yfirsýn yfir samskipti/félagspátt og málþroska barnanna	Hver starfsmaður hefur glósubók sem skráð er í samskipti/virkni barnanna í leik/samverustundum.	Allt starfsfólk kið á deildinni, framkvæmir en deildarstjóri ber ábyrgð.	lok sept'20	Apríl'21	Markvisst endurmetið á deildarfundum.	Skráning fyrir einstaklingsáætlanir hvers barns liggja betur fyrir og að starfsfólk hafi betri yfirsýn yfir hæfni/getu hvers barns.

Tónlist	Hafa hana fjölbreyttari og skipulagðari. Kenna börnunum að meðhöndla hljóðfæri og þjálf hlistun, hreyfigetu og skynfæri.	Höfum hana 1x í viku, í fámennari hópum. Starfsmenn verða búnir að útbúa tónlistarplan í samráði við deildarstjóra.	Starfsmaður framkvæmir og deildarstjóri og starfsmenn bera ábyrgð.	Lok septemb er'20	apríl'21	Búið til skráningarblað sem starfsfólk skráir inn á hvernig gekk. Sem farið verður yfir á deildarfundum.	Að börnin njóti þess að tjá upplifun sína í tónlist, beri virðingu fyrir hljóðfærum. Þekki hljóð hvers hljóðfæris sem notast er við. Notist við að fara í einfalda hreyfileiki.
Aðlögunin	Að börnin finni til öryggis þegar þau skilja við foreldra sína á 4 degi aðlögunar	Lengjum aðlögunina, verður í 4 daga í stað 3	Deildarstjóri ber ábyrgð en allt starfsfólk framkvæmir	24.ágúst'20	14.septemb er'20	Búa til stutta könnun/spurni ngalista sem foreldrar eru beðnir um að svara í lok aðlögunar	Börnin verða öruggari og eiga auðveldara með að skilja við foreldrana.
Jóga 	Að vinna markvisst með jóga/hugleiðslu með börnunum. Auka þannig andlega og líkamlega líðan barnanna.	Í morgun samverustundum byrjum við á léttum öndunaræfingum og slökunaræfingar til að byrja með – bætum svo við jógaæfingum/hugleiðslusögum.	Deildarstjóri ber ábyrgð en allt starfsfólk framkvæmir	Lok septemb er'20	apríl'21	Metum reglulega á deildarfundum og starfsfólk skráir hjá sér virkni og þátttöku barnanna.	Einbeiting barnanna eflist og þau finna smám saman hugarró og innri frið.

2.4 Hulduhóll (Hamrar). Börn fædd 2016 og 2017

Samantekt á markmiðum ársins 2019 – 2020

Endurmat barnanna: Við byrjuðum veturinn að fullum krafti með spurningar til barnanna. Nokkur börn voru spurð, eitt í einu.

- **Styrkleikar:** Við fáum að heyra skoðun barnanna og þar með hafa þau áhrif á starfið.

Okkur fannst þetta ekki ganga nógu vel þar sem svörun barnanna var ekki markviss. Þannig við ætlum að hafa þetta aftur sem markmið hjá okkur næsta vetur, með aðeins breyttu sniði.

- **Tækifæri til umbóta:** Setja þetta sem markmið fyrir næsta vetur. Gera endurmatið sjónrænna með því að nota myndir af leikefninu.

Einingakubbar og Numicon: Unnið var með einingakubba og Numicon kubba fram til ferbrúar 2020. En þessi vinna var þó ekki með markvissum hætti.

- **Styrkleikar:** Bæði Numicon og einingakubbar gera börnum kleift að læra og skilja form og stærðfræðihugtök. Báðir þessir kubbar gera þessi hugtök mun áþreifanlegri og þar með eiga börn auðveldara að átta sig á þeim.

Lítil skipulögð vinna var með einingakubba og Numicon kubba í vetur og munum við leggja meiri áherslu á þá vinnu næsta vetur.

- **Tækifæri til umbóta:** Taka þetta aftur sem markmið næsta vetur og vinna með þetta markvisst undir leiðsögn kennara.

Málörvun: Málörvun fer fram alla daga allan ársins hring og er þetta eilífðarverkefni sem er alltaf í gangi og enginn verður fullnuma yfir leikskólagönguna. Í vetur unnum við með „Lubbi finnur málbein“ og fóru öll börn á deildinni einu sinni í viku í svokallaða „Lubbastund“. Þar var eitt máhljóð tekið fyrir í einu og unnið með það á ýmsan hátt.

- **Styrkleikar:** Börnin fengu tækifæri á almennri málörvun ásamt því að vinna með íslensku máhljóðin.

Þar sem Lubbi er orðin rótgróin í okkar starfi og málörvun er orðin hluti af daglegu starfi hjá okkur þá höfum við ákveðið að taka það út sem markmið.



UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Endurmat barnanna	Að finna út hvað börnunum líkar best.	Spyrjum börnin hvað gekk vel og hvað má betur fara. Skrá svörin. Nota myndir af leikefni.	Deildastjóri ber ábyrgð og framkvæmir ásamt starfsfólki deildarinnar.	Sept 2020	Mai 2021	Spyrja börnin og skrá svörin í lok hverrar viku Endurmeta á deildarf.	Að geta nýtt sér hugmyndir barnanna til að auðga starfið.
Einingakubbar og Numicon	Að börnin þekki form og fjölda.	Vinna markvisst með verkefni úr kubbum. Aðra hvora viku með hvort, undir leiðsögn.	Deildastjóri ber ábyrgð og framkvæmir ásamt starfsfólki deildarinnar.	Sept 2020	Mai 2021	Skrá ferlið og endurmeta á deildar- fundum.	Börnin eru fróðari um tölur og form og að þau geta nýtt sér það í leik og starfi.
Jóga	Að efla andlega velliðan barnanna. Finna innri sem ytri ró.	Skipulagðar jógastundir einu til tvisvar sinnum í viku. Skrá hvað var gert hverju sinni.	Deildastjóri ber ábyrgð og framkvæmir ásamt starfsfólki deildarinnar.	Sept 2020	Mai 2021	Endurmeta á deildar- fundum. Hvað gekk vel og hvað má betur fara.	Að finna mun á velliðan barnanna, andlega og líkamlega.

2.5 Tröllabjarg (Hamrar). Börn fædd 2015 og 2016

Að endurmeta starfið reglulega með börnun: Starfið var endurmetið með börnunum einu sinni í mánuði. Börnin voru spurð í litlum hópum hvað þeim þætti skemmtilegast að gera í leikskólanum og af hverju. Aftur kom fram að útiveran er mjög vinsæl og hefur útiveran verið aukin á deildinni.

- **Styrkleikar:** Að spyrja börnin einu sinni í mánuði gekk vel fram að verkfalli. Að þessu sinni kom ekkert fram sem væri ekki skemmtilegt. Þarna hafa börnin tækifæri til að hafa áhrif á nám og leik í leikskólanum. Að spyrja börnin einu sinni í mánuði til að fylgjast með hvar þeirra áhugi liggur er komið til að vera.



Að börn og starfsfólk sýni hvert öðru og umhverfi sínu virðingu. Bæta hlustun: Stuðst var við dyggðarverkefni frá leikskólunum Síðuseli, Sunnubóli og Krógabóli. Verkefnið fór ágætlega af stað. Við ákváðum að beina sjónum okkar sérstaklega að því að gefa sér tíma til að hlusta á hvert annað án þess að grípa fram í og að sýna umhverfi okkar virðingu. Börnin urðu meðvitaðri um það að fara vel með blöðin sem þau teikna á því til þess að búa til blöð þarf t.d. að höggva tré. Þau tíndu rusl í fjöru- og gönguferðum og pössuðu upp á trén í garðinum. Þau voru duglegri að hlusta á hvert annað.

- **Styrkleikar:** Börnin fóru betur með blöðin og betur gekk að hlusta á t.d. umsjónarmann í samverustundum og á sögur sem lesnar voru. Að vinna með dyggðina virðing er eitthvað sem er komið til að vera og munum við endurmeta aftur eftir þrjú ár.


Að börnin fá tækifæri til að hafa áhrif á nám sitt: Í upphafi vetrar voru börnin spurð hvað þau langaði til þess að læra í leikskólanum. Allskonar svör komu allt frá því að róla og læra ensku. Ágætlega hefur gengið að framfylgja þessu en þó eru ekki allir búnir þar sem þeir hafa lítið eða ekkert verið í leikskólanum síðustu mánuði. Þessi vinna hefur verið skráð með myndum.

- **Styrkleikar:** Börnin fá að hafa áhrif á námið sitt og sjá að þau geta náð markmiðum sínum.
- **Tækifæri til umbóta:** Endurmeta aftur þar sem viðtöl voru ekki tekin vegna verkfalls og samkomubanns.

Þessi vildi læra að skrifa nafnið sitt



Haust 2019



Vor 2020

Þessi vildi æfa sig í að labba á steinunum í garðinum



UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifær i til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Loki ð	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Jóga 	Að auka andlega og líkamlega vellíðan barnanna með hugleiðslu, slökun og jógaæfingum.	Byrja samverustundir á léttum öndunaræfingum og bætum síðan inn hugleiðslu-sögum og jógaæfingum.	Allir starfsmenn á deildinni	Septem-ber	Apríl	Skráningarblöð til að meta hvernig gengur. Deildarfundir verða notaðir til að meta reglulega.	Andleg og líkamleg vellíðan barnanna þau ná að slaka á og njóta.
Hvert barn setur sér einstaklingsmarkmið	Börnin fá tækifæri til þess að hafa áhrif á nám sitt.	Kennari skráir markmið hvers barns að hausti.	Deildarstjóri. Allt starfsfólk á deildinni.	Septem-ber	Mai	Skráð með myndum og viðtali við hvert barn. Metið á deildarfundum.	Ánægja barnsins

3 Ytra mat

Leikskólinn sendi foreldrum í janúar rafræna könnun varðandi sumarfríð næsta sumar. Tilgangurinn var sá að fá foreldra til þess að vera með í ákvörðunartöku um hvenær sumarfrí leikskólans ætti að vera. Foreldrar gátu valið um tímabilið 2. júní til 1. september en þurftu að velja fjórar samliggjandi vikur. Þátttaka var góð og var niðurstaðan sú að leikskólinn yrði lokaður frá 15. júlí til 12. ágúst.

Send verður önnur könnun til foreldra í haust til þess að fá þá til að vera með í ákvörðunartöku um vissa atburði á næsta skólaári. Ákveðið var að gera þetta í haust til þess að fá alla foreldra sem verða með okkur næsta vetur með í könnunina. Í könnuninni munum við spyrja um tíma á foreldrafundum, hvernig foreldrar upplifðu aðlögun og um almenna líðan í leikskólanum hjá börnum og foreldrum.

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifær i til umbóta	Aðgerði r til umbóta	Ábyrgð	Hefs t	Loki ð	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangu r
Foreldrakönnu n	Að fá foreldra til þess að vera með í ákvörðunar -töku um vissa atburði á næsta skólaári	Sendum út spurningar í könnun með raf- rænum hætti	Aðstoðarleikskólastjór ar	Haust 2020	Vor 2021	Sendar rafrænar kannanir til foreldra tvisvar sinnum yfir veturinn	Foreldrar sáu með í að taka ákvarðani r í starfi leikskólan s



4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

- **Starfsþróunarsamtöl**

Starfsþróunarviðtöl fara fram í janúar til mars. Allt starfsfólk fær spurningar á blaði viku fyrir viðtölin til þess að undirbúa sig. Viðtölin fara fram á skrifstofu leikskólastjóra og eru um klst. í senn. Farið er í gegnum hvernig starfsmanni líður í vinnunni, hverjir styrkleikar þeirra eru og hvaða námskeið starfsmaður hefur áhuga að fara á.

- **Símenntun frá síðasta ári**

Í Nes-Hömrum hafa tveir starfsmenn verið í leikskólakennaranámi í fjarnámi við Háskóla Íslands. Þær hafa farið í 4-5 vikur í senn tvisvar sinnum yfir veturinn í innlotu og vettvangsnám.

Pálmar Ragnarsson kom til okkar á skipulagsdegi með fyrirlesturinn, Jákvæð samskipti.

Jón Halldórsson frá Kvan kom á skipulagsdegi með fyrirlesturinn, Hvernig sköpum við sterka liðsheild.

Anna Steinsen frá Kvan kom á skipulagsdegi með fyrirlesturinn, Þú hefur áhrif.

Hrafnhildur Sigurðardóttir frá Hugarfrelsi kom á skipulagsdegi með fyrirlestur og æfingar sem fjalla um áhrifaríkar aðferðir til að bæta líkamlega og andlega líðan í leik og starfi.

5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Þar sem breytingar verða í þrem grunnskólum í norðanverðum Grafarvogi vitum við ekki hvernig verður með samstarfið í vetur.

6 Foreldrasamvinna

- **Foreldraráð**

Foreldraráð skipa 3 foreldrar og leikskólastjóri. Kosið er annað hvert ár að hausti. Hópurinn hittist þrisvar til fjórum sinnum á ári. Foreldraráð fær starfsáætlun til yfirlestrar auk annarra mála sem upp koma. Engin föst áætlun er yfir fundina en foreldraráðið ásamt leikskólastjóra eru með lokaðan spjallhóp á facebook þar sem þau ræða það sem er framundan. Eitt foreldraráð verður starfandi í Nesi.



- **Foreldrafundir**

Einn foreldrafundur er haldin á ári og er hann í september. Þar er farið yfir vinnu vetrarins. Fyrst hittast allir í sal þar sem foreldrar eru boðnir velkomnir og farið yfir ýmsar upplýsingar og kynningu á starfsfólki sem er utandeilda. Síðan fara foreldrar inn á deildar hjá sínu barni þar sem deildarstjóri ásamt starfsfólki fer yfir efni sem við komum til með að vinna með næsta vetur. Hamrar verða með fund 14. október og Bakki 15. október. Báðir fundirnir verða kl. 18

- **Foreldraviðtöl**

Foreldrar nýrra barna koma í viðtöl á vorin áður en barnið byrjar í leikskólanum. Í viðtölunum fá deildarstjórar upplýsingar um barnið og foreldrar fá upplýsingar um leikskólann, starfið og hvernig aðlögun er háttað. Foreldraviðtöl barna í leikskólanum eru tvisvar á ári, eitt í október og hitt í marz. Í Hömrum gera deildarstjórar einstaklingsáætlun fyrir hvert barn og fara yfir hana með foreldrum í viðtalinu. Í Bakka eru gerðar námsöguskráningar sem er síðan farið yfir í foreldraviðtölum að vori. Foreldrar skrá sig í viðtölin á blaði sem er á hurð deildar.

- **Foreldrafélag.**

Allir foreldrar eru meðlimir í foreldrafélagi leikskólans. Í stjórn eru foreldrar frá flestum deildum. Valið er í stjórnina á haustin. Foreldrafélagið skipuleggur og fjármagnar ýmsar upptökur í leikskólanum fyrir börnin í samstarfi við starfsfólk. Þau senda út gíróseðla tvisvar á ári sem nýtist í það sem foreldrafélagið stendur fyrir. Þau sjá um jólagjafir, piparkökumálun fyrir jólin, borga leiksýningu sem kemur í leikskólann, sumarhátíð og sveitaferð sem farin er að vori.



7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

5. október 2020. Sameiginlegur með leik- og grunnskólum í Grafarvogi

5. febrúar 2021. Sameiginlegur með leik- og grunnskólum í Grafarvogi


10. maí 2021. Sameiginlegur með leik- og grunnskólum í Grafarvogi

8 Fylgigögn

8.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun 2020 – 2021 Nes

Umsögn foreldraráðs



Foreldraráð leikskólans skipa:

Áslaug Þórdís Gissurardóttir (Hamrar)
Birta Baldursdóttir (Hamrar)
Sædís Jana Jónsdóttir (Hamrar)
Veróníka Björk Gunnarsdóttir (Hamrar)
Hera Brá Gunnarsdóttir (Bakki)

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



Umsögn foreldraráðs:

Hamrar:

Foreldraráðið er sammála öllum helstu áherslum leikskólans. Við teljum mikilvægt að kennsla barnanna sé fjölbreytt og skapandi. Áhersla á jóga, lenging aðlögunar og notkun á þroskandi efnivið er einnig mjög jákvætt að okkar mati.

Það er mjög jákvætt að sjá að það gengur vel með þær áherslur sem voru lagðar fyrir síðasta vetur, og að mörgum fyrri umbótaratriðum hefur verið lokið. Foreldraráðið telur endurmat barna vera mikilvægan lið í starfsemi leikskólans. Það er nauðsynlegt að börnin, sem eru helstu þátttakendur í námsefni leikskólans, hafi eitthvað að segja um þau verkefni sem lögð eru fyrir.

Foreldrakannanir eru áfram frábær leið til þess að halda uppi betra upplýsingaflæði milli leikskólans og foreldra. Auk þess telur foreldraráðið það vera mjög jákvætt að foreldrar hafi möguleika á meiri þátttöku í mikilvægum málefnum sem snúa að börnunum (t.d. varðandi sumarfrí og það sem gerist næsta haust).

Það verður forvitnilegt að sjá hvernig samstarfinu við grunnskólann verður háttað nú þegar breytingar hafa orðið í skólamálum í Grafarvogi. Mikið hefur verið talað um söguaðferð í samstarfi við grunnskólann – upp kom sú hugmynd að það væri gott ef þetta verkefni væri betur kynnt fyrir foreldrum (til dæmis með því að koma á framfæri hvaða bók er tekin fyrir og kláruð hverju sinni).

Bakki:

Foreldraráð er ekki lengur starfandi á Bakka en undirrituð er gjaldkeri foreldrafélagsins og tók að sér að gefa umsögn.

Enn og aftur verða breytingar á Bakka vegna fækkunar barna og verður aðeins ein deild. Mikilvægt er að vanda vel til verka ef það á að ganga vel. Upplýsingaflæði til foreldra er mikilvægt og maður spyr sig hvernig það muni vera þegar það er orðin aðeins ein deild á leikskólanum. Verður aðeins einn deildarstjóri sem ber ábyrgð á öllum verkefnum?

Það er mikið pláss á Bakka og ber að nýta það til að skipta börnunum upp í minni hópa. Eins og kemur fram í starfsáætlun gekk það vel síðasta vetur og skapaði það meiri ró og auðveldara var að vinna með þarfir hvers og eins. Markmið síðasta árs var að nýta baklóðina meira sem gekk vel og styð ég það að hún verði nýtt enn meira á næsta ári og þá fyrir öll börnin. Þau hafa gott af því að gleyma sér í

leik með ímyndunaraflið eitt að vopni. Mikil ánægja er með hreyfistundirnar og gott að þær verði skipulagðar einu sinni í viku fyrir öll börn, sama með fjöruferðirnar þær eru sérstaða leikskólans og mikilvægt að halda þeim áfram. Jóga, hugleiðsla og slökun er mjög mikilvægt fyrir börn að kynnst frá unga aldri og mér finnst gaman að sjá að það sé verið að leggja meiri áherslu á það með því að byrja fyrstu samveru á hverjum degi á einhverju jógatengdu. Ég sé í starfsáætlun hjá Hömrum að þar er sérstaklega tekið fram tónlist, sakna þess að sjá það hjá Bakka. Einnig að elstu börnin fái að hafa áhrif á hvað þau vilja læra, það finnst mér frábær hugmynd sem mætti taka upp á Bakka.

Völu appið mætti nýta betur t.d með því að setja inn daglega hvernig börnin borða og sofa. Einnig vantar inn upplýsingar um matseðil. Ekki hefur gengið vel að setja inn myndir þar og má ég til með að benda á Karellen leikskólaappið sem er mun betra og skilvirkara. Einnig vantar betra upplýsingaflæði til foreldra um það sem er gert í leikskólanum. Framtíðaráætlun skólans mætti vera skýrari og útrýma mætti óvissupáttum varðandi framhald skólans.



8.2 Fylgiskjal 2 Lokaskýrsla á samstarfi við Kelduskóla Vík

Skólaárið 2019 - 2020

Nemendur voru 27 frá Hömrum komu 17 og frá Bakka 10 og var hópnum skipt í tvennt. Hvor hópur kemur einu sinni í viku og er heimsóknin 80 mínútur í senn

Kennari og starfsmaður fylgja börnunum af leikskólanum og eru virkir þátttakendur í starfinu.

Skólaárinu var skipt upp í tvö þemu eitt fyrir áramót og annað eftir áramót. Samstarfið byggir á aðferðum Söguaðferðarinnar. Fyrri ramminn var út frá sögunum um Bakkabræður og voru valdar sögur sem þóttu falla að þessari vinnu og stóð vinnan í 8 vikur. Seinni ramminn eftir áramót var: Að byrja í grunnskóla. Til stóð að hann tæki 10 vikur. En vegna samkomubanns og skerts sólastarfs af völdum Covid-19 var unnið í sjö vikur eða þar til var sjálfhætt.

Við upphaf söguramma að hausti fóru allir nemendur í könnunarferð um skólann. Í vinnu við sögurammann eftir áramót fóru nemendur í heimsóknir í verk- og listgreinar hittu kennara og nemendur þar. Tóku þátt í tíma og unnu jafnframt verkefni sem féllu að rammanum sem unnið var að. Í lok fyrri sögurammans var sérstök viðhöfn við höfð þar sem nemendur settu upp leikrit út frá sögunum og léku fyrir hópinn og höfðum veitingar. Venja hefur verið að bjóða foreldrum á sýningu við lok seinni rammans en því miður tókst það ekki vegna aðstæðna eins og fyrr var greint frá.

Kennslurammar / þemu

Fyrri þema vetrarins var ævintýratengt og valið með hliðsjón af því m.a. að vinna með orðaforða, málshætti og orðatiltæki, bókstafi og ritun. Seinna þemað: Að byrja í grunnskóla er liður í undirbúningi fyrir væntanlega grunnskólagöngu. Upphaf og lok hverrar heimsóknar er ávallt með sama sniði til að marka upphaf og enda samverunnar.

.

Ævintýri Bakkabræðra..

Yfirmarkmið:

Að börnin efli orðaforða sinn

Að börnin efli tjáningu og framkomu.

Að börnin geti sett sig í spor annarra og fundið lausnir



Að börnin kynnist málsháttum og orðatiltækjum

Að börnin vinni með bókstafi/ritun/orð, samvinnu og sköpun.

Unnið er samhliða með samkennd, tilfinningar og ímyndunaraflið. Nemendur velta fyrir sér möguleikum ævintýrisins og trúveruleika og að setja sig í spor annarra.

Kennslurammann í heild má finna á sameign Kelduskóla-Vík.

Að byrja í grunnskóla

Yfirmarkmið:

Að börnin deili sameiginlegum væntingum sínum.

Að börnin efli sjálfsvitund sína

Að börnin efli tjáningu og framkomu

Að börnin efli samvinnu og samskipti

Að börnin vinni með bókstafi, ritun, orð

Að börnin taki þátt í markvissri málörvun.

Í þessum ramma er umfjöllunarefnið vinátta, tilfinningar og aðlögun að því að skipta um skólaumhverfi og ræða þær breytingar sem væntanlega eru við að fara yfir á annað skólastig. Farið er í heimsóknir í sérgreinastofur og unnin verkefni sem tengjast viðfangsefninu.

Kennslurammana í heild má finna á sameign Kelduskóla – Vík.

Almennt um samstarfið

Haldin var fundur í upphafi skólaárs með þeim sem komu að starfinu til að leggja línur fyrir skólaárið. Ákveðið var að vera með tvo söguramma. Við annarskil var endurmatsfundur og var ánægja með hvernig tiltókst með söguramman fyrir áramót. Á þennan fund kom umsjónarkennari 1. bekkjar og skólaheimsóknir leikskólabarnanna á vorönn skipulagðar.



Nemendur 1. bekkjar í Vík fóru í tvær heimsóknir í Leikskólann Hamra fyrir áramót og hliðstæðar heimsóknir voru milli Bakka og Korpu.

Fyrirhugaðar skólaheimsóknir leikskólabarnanna að vori í 1. bekk féllu niður vegna þess fordæmalusa ástands sem ríkt hefur í samfélaginu á tímum Covid-19.

Í óformlegum samtölum í lok skólaárs í stað matsfundar eins og verið hefur var samdóma álit okkar að samstarfið hafi gengið vel.

Myndir af starfinu er á sameign skólans.

Lokaorð

Það er álit okkar sem að þessari vinnu standa að vert er að halda henni áfram. Mikilvægt er að finna henni farveg vegna fyrirhugaðra breytinga á skólaskipan í norðanverðum Grafavogi. Ávinningurinn af þessu samstarfi er að börnin koma örugg í grunnskólann í skólabyrjun og foreldrar sýna starfinu áhuga og verða öruggari við upphaf grunnskólagöngu barna sinna.

Reykjavík, vor 2020

Kelduskóli – Vík

María Haraldsdóttir.

8.3 Fylgiskjal 3 Leikskóladagatal

F. h. leikskólans Nes

Erna Jónsdóttir, Leikskólastjóri

30.júní 2020





Samband íslenskra
seitarfélaga

Leikskóladagatal 2020 - 2021

Nafn leikskóla: **Nes**

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1 L		1 Þ		1 F		1 S		1 Þ	Fullveldisdagurinn	1 F	Nýársdagur	1 M		1 M		1 F	Skírdagur	1 L	Verkalýðsdagurinn	1 Þ		1 F	
2 S		2 M		2 F	Spíladagur	2 M	Foreldravíðtöl	2 M		2 L		2 Þ		2 Þ		2 F	Föstudagurinn langi	2 S		2 M		2 F	
3 M	Friðdagur verslunarmanna	3 F		3 L		3 Þ	Foreldravíðtöl	3 F		3 S		3 M		3 M		3 L		3 M		3 F		3 L	
4 Þ		4 F		4 S		4 M	Foreldravíðtöl	4 F	Jólaeigur dagur	4 M		4 F	Fjölskyldukaffi 14.30-15.30	4 F		4 S	Páskadagur	4 Þ		4 F	Snúðaskokk	4 S	
5 M		5 L		5 M	Skipulagsdagur	5 F	Foreldravíðtöl	5 L		5 Þ		5 F	Skipulagsdagur Dagur stærðfræðinnar	5 F	Nestisdagur	5 M	Annar í páskum	5 M		5 L		5 M	
6 F		6 S		6 Þ		6 F		6 S		6 M	Þrettándinn	6 L	Dagur leikskólans	6 L		6 Þ		6 F		6 S	Sjómanna dagurinn	6 Þ	
7 F		7 M	Aðlögun	7 M		7 L	Baráttudagur gegn einelti	7 M		7 F		7 S		7 S	Brunaæfing í vikunni	7 M		7 F		7 M		7 M	
8 L		8 Þ	Dagur læsis	8 F		8 S		8 Þ	Leikfangadagur	8 M		8 M		8 M		8 F		8 L		8 Þ		8 F	
9 S		9 M		9 F		9 M	Foreldravíðtöl	9 M		9 L		9 Þ		9 Þ		9 F	Þröðafatadagur	9 S		9 M		9 F	
10 M		10 F		10 L		10 Þ	Foreldravíðtöl	10 F		10 S		10 M	Jarðskjálftaæfing	10 M		10 L		10 M	Skipulagsdagur	10 F		10 L	
11 Þ		11 F	Leikfangadagur eldri	11 S		11 M		11 F		11 M		11 F		11 F		11 S		11 Þ		11 F		11 S	
12 M		12 L		12 M		12 F	Foreldravíðtöl	12 L		12 Þ		12 F		12 F		12 M		12 M		12 L		12 M	
13 F	Opnum eftir sumarfrí	13 S		13 Þ		13 F	Foreldravíðtöl	13 S		13 M		13 L		13 L		13 Þ		13 F	Uppstigningardagur	13 S		13 Þ	
14 F		14 M		14 M	Foreldrafundur í Bakka kl. 18	14 L		14 M		14 F		14 S		14 S		14 M		14 F		14 M		14 M	
15 L		15 Þ		15 F	Foreldrafundur í Hömrum kl. 18	15 S		15 Þ	Vasalýðsdagur	15 F		15 M	Bolludagur	15 M	Foreldravíðtöl	15 F		15 L		15 Þ		15 F	
16 S		16 M	Dagur ísl. náttúru	16 F	Bleikur dagur	16 M	Dagur íslenskrar tungu	16 M		16 L		16 Þ	Sprengidagur	16 Þ	Foreldravíðtöl	16 F		16 S		16 M	Sumarhátíð	16 F	
17 M		17 F		17 L		17 Þ		17 F		17 S		17 M	Öskudagur	17 M	Foreldravíðtöl	17 L		17 M		17 F	Lýðveldisdagurinn	17 L	
18 Þ		18 F		18 S		18 M		18 F	Jólaball	18 M		18 F		18 F	Foreldravíðtöl	18 S		18 Þ		18 F		18 S	
19 M		19 L		19 M		19 F		19 L		19 Þ		19 F		19 F		19 M		19 M		19 L		19 M	
20 F		20 S		20 Þ		20 F	Dagur mannréttinda barna	20 S		20 M		20 L		20 L		20 Þ	Barnamenningarhátíð	20 F		20 S		20 Þ	
21 F		21 M		21 M	Jarðskjálftaæfing	21 L		21 M		21 F		21 S	Konudagur	21 S		21 M	Barnamenningarhátíð	21 F	Útskrift	21 M		21 M	
22 L		22 Þ		22 F		22 S	Brunaæfing í vikunni	22 Þ		22 F	Bóndadagur	22 M		22 M	Foreldravíðtöl	22 F	Sumardagurinn fyrsti	22 L		22 Þ		22 F	
23 S		23 M		23 F		23 M		23 M	Þorláksmessa	23 L		23 Þ		23 Þ	Foreldravíðtöl	23 F	Barnamenningarhátíð	23 S	Hvítasunnudagur	23 M		23 F	
24 M	Seining grunnskóla. Aðlö	24 F		24 L	Fyrsti vetrardagur	24 Þ		24 F	Aðfangadagur jóla	24 S		24 M		24 M		24 L		24 M	Annar í Hvítasunnu	24 F		24 L	
25 Þ		25 F		25 S		25 M		25 F	Jóladagur	25 M		25 F		25 F	Foreldravíðtöl	25 S		25 Þ		25 F		25 S	
26 M		26 L	Evrópski tungumáladagurinn	26 M		26 F		26 L	Annar í jólum	26 Þ		26 F		26 F	Foreldravíðtöl	26 M		26 M		26 L		26 M	
27 F		27 S		27 Þ	Alþjóðlegi bangs dagurinn. Náttfaldagur	27 F		27 S		27 M		27 L		27 L		27 Þ		27 F		27 S		27 Þ	
28 F		28 M		28 M		28 L		28 M		28 F		28 S		28 S	Pálmásunnudagur	28 M		28 F	Útskriftaferð	28 M		28 M	
29 L		29 Þ		29 F		29 S		29 Þ		29 F				29 M		29 F		29 L		29 Þ		29 Þ	
30 S		30 M		30 F	Hrekkjavökudagur	30 M		30 M		30 L				30 Þ		30 F	Opð hús 15-16	30 S		30 M		30 M	
31 M	Aðlögun			31 L				31 F	Gamlársdagur	31 S				31 M				31 M					